

6. bekkur

2019-2020



Árganganámskrá

INNGANGUR	4
ÍSLENSKA	7
MARKMIÐ	7
NÁMSEFNI	7
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	10
NÁMSMAT	10
STÆRÐFRÆÐI	11
MARKMIÐ	11
NÁMSEFNI	12
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	13
NÁMSMAT	13
NÁTTÚRUFÆÐI	14
MARKMIÐ	14
NÁMSEFNI	15
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	15
NÁMSMAT	15
SAMFÉLAGSFRÆÐI / LANDAFRÆÐI	17
MARKMIÐ	17
NÁMSEFNI	17
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	17
NÁMSMAT	18
RÉTTINDASMIÐJA / LÍFSLEIKNI	19
MARKMIÐ	19
NÁMSEFNI	20
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	21
NÁMSMAT	21
ENSKA	22

MARKMIÐ	22
NÁMSEFNI	22
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	22
NÁMSMAT	22

HEIMILISFRÆÐI 23

MARKMIÐ	VILLA! BÓKAMERKI EKKI SKILGREINT.
NÁMSEFNI	VILLA! BÓKAMERKI EKKI SKILGREINT.
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	VILLA! BÓKAMERKI EKKI SKILGREINT.
NÁMSMAT	VILLA! BÓKAMERKI EKKI SKILGREINT.

SMÍÐI OG HÖNNUN 24

MARKMIÐ	24
NÁMSEFNI	24
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	24
NÁMSMAT	24

TEXTÍLMENNT 25

MARKMIÐ	25
NÁMSEFNI	26
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	26
NÁMSMAT	26

MYNDMENNT 27

MARKMIÐ	27
NÁMSEFNI	27
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	27
NÁMSMAT	27

TÖLVUR OG UPPLÝSINGAMENNT 28

MARKMIÐ	28
NÁMSEFNI	28
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	28
NÁMSMAT	28

ÍÞRÓTTIR	29
MARKMIÐ	29
NÁMSEFNI	29
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	29
NÁMSMAT	29
SUND 6.STIG	30
MARKMIÐ	30
NÁMSEFNI	30
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	30
NÁMSMAT	30

Inngangur

Skólanámskrá er starfsáætlun Flataskóla og er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla þar sem dregin er fram sérstaða skólans og staðbundnar aðstæður. Henni er ætlað að lýsa meginmarkmiðum og fyrirkomulagi skólastarfs í skólanum og vera upplýsandi fyrir alla þá er að starfinu koma eða tengjast því á einhvern hátt. Skólanámskráin byggir auk þess á skólastefnu Garðabæjar, starfsmanna, fjölskyldu og umhverfisstefnu bæjarins ásamt jafnréttisáætlun fyrir Garðabæ. Skólanámskrá er vistuð á heimasíðu skólans. Einnig er hægt að nálgast eintak af skólanámskránni á bókasafni skólans.

Námsmat

Mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi Flataskóla. Megintilgangur námsmatsins er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Markmið skólastarfsins er margvíslegt og matsaðferðirnar í Flataskóla endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópnum. Flataskóli er með leiðsagnamat í hverri námsgrein sem gengur út á að nemendum er með endurgjöf stöðugt leiðbeint áfram með nám sitt. Hverjum nemanda fylgir svokölluð námsmatsmappa þar sem öllu námsmati er komið fyrir jafnóðum og það verður til. Tvisvar sinnum yfir árið fara fram nemenda- og foreldrasamtöl, annað í október og hitt í febrúar og fara nemendur heim með

námsmatsmöppurnar fyrir samtölin til að sýna foreldrum. Í bæði skiptin er farið yfir það námsmat sem liggur fyrir með viðeigandi lausnum til framfara.

Markmið eru almennt metin á 5 stiga kvarða eftir því hvernig nemandi hefur tekist að ná settum markmiðum árgangsins í hverri grein fyrir sig (sjá mynd hér að neðan).

Frammistaða/kvarði	Umsögn
Framúrskarandi árangur (A)	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í greininni með hliðsjón af markmiðum námsgreinar.
Mjög góður árangur (B+)	Mjög góð hæfni og frammistaða í greininni með hliðsjón af markmiðum námsgreinar.
Góður árangur (B)	Góð hæfni og frammistaða í greininni með hliðsjón af markmiðum námsgreinar.
Nokkuð góður árangur (C)	Nokkuð góð hæfni og frammistaða í greininni með hliðsjón af markmiðum námsgreinar.
Markmiðum ekki náð (D)	Hæfni og frammistöðu í greininni ábótavant með hliðsjón af markmiðum námsgreinar.

Markmið

Bókmenntir og lestur

Að nemendur

- auki orðaforða sinn jafnt og þétt
- geti lesið 155 orð á mínútu við lok 6. bekkjar
- þekki dagbækur og mismunandi form þeirra
- geti lesið sér til gagns og gamans
- efli hjá sér gagnrýna hugsun við lestur
- læri fyrstu skrefin í gerð kjörbókarritgerðar
- þekki nokkur hugtök í bragfræði s.s. kvæði, þula, vísa, ljóðlína, atkvæði, ljóðstafir og samlíking.
- kynnist fjölbreyttum textum, fornum og nýjum
- læri um nokkur bókmenntaleg hugtök eins og um tíma, sjónarhorn, sögusvið og boðskap.

Námsefni

Söguskinna, Trunt trunt og tröllin, Engar ýkjur.

Ég þoli ekki bleikt.

Lygasaga.

Kennarinn sem hvarf.

Fólkið í blokkinni.

Lestrakassinn af Skólavefnum

Leiðir að markmiðum

Yndislestur a.m.k. 4* í viku

Heimalestur 5* í viku

Lestraráttak/lestrarsprettur tvisvar sinnum yfir veturinn.

Nemendur lesa bókmenntaefni sjálfir, kennari les upp og notar einnig hljóðefni af vef. Verkefni tengd sögunum eru unnin í verkefnabókum eða spurningum svarað í stílabók, einnig umræður um sögurnar. Nemendur vinna kjörbókarritgerð um bókina *Kennarinn sem hvarf* og einnig um bók að eigin vali.

Námsmat

Lestrarpróf er í september, janúar og í maí. Niðurstöður eru færðar inn í lesferil í skólagátt.

Orðarún, staðlað lesskilningspróf frá Menntamálastofnun er lagt fyrir í október

Bókmenntapróf ásamt vinnubók og verkefnavinnu (Kennarinn sem hvarf og Fólkið í blokkinni).

Talað mál og hlustun

Að nemandi:

- tali skýrt og áheyrilega fyrir framan hóp með réttum áherslum og hrynjandi
- hlusti af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum
- eigi góð samskipti, hlusti, gæti tungu sinnar og sýni viðeigandi kurteisi

Námsefni

Leiðbeiningar um skýra framsögn á vef Stóru upplestrarkeppnarinnar.

Valdir textar úr námsefni árgangsins.

Leiðir að markmiðum

Nemendur lesa verk sín og annarra upphátt, jafnt og þétt allan veturinn.

Kennari fer yfir leiðbeiningar um skýra framsögn sem er að finna á vef Stóru upplestrarkeppninnar

Nemendur segja skoðanir sínar á ýmsum málum upphátt, úr sæti eða pontu.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Ritun

Markmið

Að nemendur geti

- auðveldlega notað reglur um upphaf, meginmál og endi í ritun sinni
- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur
- Valið textategund, skipulagt og orðað texta svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli á þann hátt sem hæfir tilefni
- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa

Námsefni

Málrækt 2, orðspor 2, Söguskinna, Kennarinn sem hvarf.

Leiðir að markmiðum

Ritunaræfingar og verkefni í námsbókum. Nemendur skrifa frásagnir og sögur eftir hefðbundnu ritunarferli sem byggir á upphafi, meginmáli og lokaorðum. Efni ritunarinnar er sótt í gegnum þeirra eigin sköpun svo og í gegnum námsefni í greinum árgangsins eins og samfélagsfræði, náttúrufræði og bókmenntum.

Námsmat

Leiðsagnarmat

Málfræði og stafsetning

Markmið

Að nemendur þekki og kunni að nota

- nafnorð – fallbeygt, kyn og tala
- sagnorð – þekki nafnhátt, nútíð og þátíð
- lýsingarorð – kunni að stigbreyta
- málsgrein – viti hvað málgrein er og hvernig hún er uppbyggð
- andheiti
- samheiti
- töluorð
- orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli
- margræðni orða
- málfræðikunnáttu sína við orðmyndun tal og ritun.

Að nemendur þekki og geta nýtt sér regluna um:

- stóran og lítinn staf
- greinamerki
- skammstafanir
- ng og nk
- y
- tvöfaldan samhljóða
- tvöfaldan samhljóða í lýsingarorðum

Námsefni

Málfræði

Orðspor 2, lesbók og vinnubók.

Málrækt 2.

Smellur, annað hefti.

Nafnorða-, sagnorða- og lýsingarorðahefti (ljósritað).

Ýmislegt ítarefni m.a. af Skólavefnum og 123 skóli.

Stafsetning

Mál í mótun 2, - valin verkefni úr lesbók og vinnubók.

Ýmsar æfingar af krækju Flataskóla – gagnvirk verkefni í íslensku Anna Magnea, mms.is (krakkavefur- lestur og stafsetning).

Málfræðiæfingar frá Ragnheiði Friðjónsdóttur (eru á sameign).

[Leiðir að markmiðum](#)

Málfræði

Nemendur vinna í námsbókum, bæði einstaklingslega og í hópavinnu.

Efni er lagt inn af kennara á töflu fyrir nemendur og unnin verkefni því tengt, bæði í námsbókum, verkefnablöðum eða munnlega.

Stafsetning

Nemendur skrifa upp æfingar af töflu, eftir upplestri og texta úr námsbókum.

Nemendur skrifa upp stafsetningareglur í stílabók. Upplestur samfelldur texti og orð.

Orð af orði, vinna með orð í texta.

[Námsmat](#)

Málfræði

Leiðsagnarmat – lokamat í maí.

2 Málfræðikannanir haust/vor.

Kjörbókarritgerð, bók að eigin vali.

Stafsetning

Leiðsagnarmat,

2 æfingar á haustönn (stök orð og texti) og 2 æfingar á vorönn (stök orð og texti) – lokamat í maí.

Markmið

Að nemandi geti:

- raðað heilum tölum eftir stærð.
- skipt tölum eftir sætum.
- skrifað tölur með bókstöfum.
- þekkt gildi talna.
- námundað að næsta hundraði og þúsundi.
- reiknað í huganum.
- sett upp samlagningar- og frádráttardæmi og reiknað.
- lagt saman og dregið frá með negatífum tölum.
- unnið með talnarunur.
- teiknað talnamynstur.
- fundið þætti talna.
- fundið frumtölur.
- sett upp margföldunardæmi og reiknað.
- sett upp deilingardæmi og reiknað.
- fundið upplýsingar úr töflu.
- fundið líkur út frá mynd og út frá orðadæmum.
- raðað tugabrotum á talnalínu.
- raðað tölum saman eftir sætum í eina tölu.
- skipta tölum upp eftir sætum.
- námundað að heilli tölu.
- reiknað samlagningar- og frádráttardæmi með tugabrotum.
- reiknað margföldunardæmi með tugabrotum.
- reiknað með vasareikni.
- reiknað margföldunardæmi með tugabrotum.
- reiknað með vasareikni.
- reiknað út yfirborðsflatarmál.
- teiknað mynd í fjarvídd eftir fyrirmælum.
- reiknað út yfirborðsflatarmál
- teiknað mynd í fjarvídd eftir fyrirmælum.
- borið saman eiginleika og einkenni mismunandi ferhyrninga.
- notað mælingar eins og g, hg, kg og tonn þegar mæld er þyngd.
- lagt saman og dregið frá heilar tölur og tugabrot.
- fundið jafn stórar tölur á milli jöfnumerkis.
- reiknað rúmmál hluta.
- reiknað flatarmál allra flata þrívíðs hlutar eða myndar.
- reiknað stærð þrívíðs hlutar/hversu mikið rúmast í þrívíðum hlut.

- skráð upplýsingar í tölvureikni.
- merkt inn á tímaás.
- reiknað út tíma af tímatöflu.
- reiknað almenn brot sem hluta af heild og hluta af safni.
- lagt saman og dregið frá almenn brot.
- áttað sig á stærð brota.
- lengt og stytta brot.
- fundið samnefnara fyrir ósamnefnd brot.
- geti lagt saman og dregið frá ósamnefnd brot.
- fundið mynstur í talnarunum og lokið við talnarunur.
- margfaldað saman heila tölu og almenn brot.
- reiknað prósentur af upphæð eða fjölda.
- reiknað orðadæmi með margföldun.
- reiknað orðadæmi með margföldun.
- margfaldað einingar og tugi sér.
- deilt m.þ. að skipta tölunum upp í sæti.
- áttað sig á tengslum margföldunar og deilingar.
- reikna einingarnar sér og tíundu hlutina sömuleiðis.
- beitt fjölbreyttum reiknisaðferðum við mismunandi dæmi.
- áttað sig á stærðum landa og fjarlægðum á korti.
- staðsett punkta í hnitakerfi.
- teiknað mynd eftir hnitum.
- reiknað fjarlægðir á milli hnita.
- speglað mynd í hnitakerfi.
- skrifað hnit í tölvureikni.
- teiknað upp hreyfingu hlutar frá einum punkti til annars.
- reiknað út hlutfall af heild.
- reiknað fjarlægð milli staða á korti og í raunveruleikanum.
- stækkað og minnkað myndir.
- reiknað vegalengd út frá hraða.
- reiknað verð vöru út frá einingarverði eða heildarverði.
- reiknað verðgildi gjaldmiðils.
- stækkað og minnkað uppskriftir.
- reiknað hlutfall efnis í uppskriftum.

Námsefni

Stika 2a og Stika 2b, nemendabækurnar og æfingaheftin auk ítarefnis frá kennurum til þjálfunar einstakra námsþátta.

Leiðir að markmiðum

Innlagnir og yfirferð námsefnis. Stuðst við skipulag á stærðfræðilotum Árna, á Skólavefnum. Þar sem boðið er upp á 3 lotukerfi: **A**, **B** og **C**. Miðast loturnar við yfirferðarhraða nemenda. Skiptist hvert lotukerfi svo niður í 12 lotur. Gerir lotukerfi A ráð fyrir hröðustu yfirferðinni en C fyrir þá sem þurfa lengri tíma.

Námsmat

Vinnusemi og skil á áætlunum

Kaflakönnun 1 og 2

Kaflakönnun 3

Miðsvetrarpróf

Vinnusemi og skil á áætlunum

Kaflakönnun 5

Kaflakönnun 6

Kaflakönnun 7

Kaflakönnun 8

Vorpróf

Náttúrufræði

Markmið

Nemendur:

- viti að til séu nokkrar gerðir af frumum.
- þekki hlutverk fruma mannslíkamans.
- vita hlutverk beinagrindarinnar í líkamanum
- þekkja heiti 14 beina og geta merkt inn á mynd
- þekkja mun á vöðvum sem maðurinn getur stjórnað og þeim sem hann getur ekki stjórnað
- viti hlutverk blóðs í líkamanum
- þekki samsetningu blóðs og geti merkt inn á mynd.
- geti merkt inn á mynd bláæð, ósæð, slagæð og háræðar.
- viti hlutverk bláæðar, slagæða, ósæðar og háræða.
- viti tilgang bóluþættingar.
- þekki helstu hluta hjartans og geti merkt inn á mynd.
- þekki öndunarfærin og geti merkt inn á mynd.
- viti hvað gerist í líkamanum þegar við öndum.
- þekki hlutverk lifrar og galls.
- þekki hlutverk nýrna.
- þekki fimm hlutverk húðarinnar.
- þekki samsetningu húðarinnar og geti merkt inn á mynd.
- þekki helstu næringarefni í mat og áhrif þeirra á starfsemi líkamans.
- þekki sex áfanga meltingar.
- geti útskýrt hvað gerist í hverjum áfanga meltingar.
- þekki einkenni átröskunarsjúkdóma
- viti hvar er hægt að fá hjálp og hvernig er hægt að hjálpa öðrum.
- þekki helstu hluta heilans og geti merkt inn á mynd.
- þekki hlutverk helstu hluta heilans.
- þekki hlutverk tauga.
- viti að saman mynda heili og taugar taugakerfi.
- vita að líkami drengja og stúlkna breytast á kynþroskaskeiði.
- þekki kynþroska stelpna.
- þekki kynþroska stráka.
- viti að kynhneigð er mismunandi.
- þekki helstu hluta æxlunarfæra karla og geti merkt inn á mynd.
- þekki helstu hluta æxlunarfæra kvenna og geti merkt inn á mynd.
- þekki áhrif tóbaks og áfengis á líkamann

- fræðist um tengls mannsins við náttúruna og mikilvægi þess að við hugum vel að umhverfinu allt í kringum okkur.

Námsefni

Maðurinn, líkami, hugur og heilsa og ýmislegt efni tengt því af vefnum.

Söguskinna kafli 3 (Maður og náttúra)

Leiðir að markmiðum

Lesbók er lesin, ýmist allur bekkurinn í sameiningu eða í gagnvirkum lestri í minni hópum.

Nemendur vinna í vinnubók bæði einstaklingslega og í hópavinnu.

Nemendur búa til vinnubók þar sem unnið er með þemu námsbókarinnar. Horft er á myndbönd um efnið og nemendur fá að handfjatla líkön af líkamanum. Nemendur búa til green screen kynningu þar sem líkamslíkönin eru notuð.

Námsmat

Leiðsagnamat, kannanir úr námsefninu, verkefnabók og vinnubók metin ásamt green screen kynningu.

Eðlisvísindi

Markmið

Að nemendur læri um og öðlist færni í að nota þessi orð:

- nýsköpun
- tilraunir og skýrslugerð
- frumeindir - sameindir - frumefni - efnasamband - efnatákn - efnablanda - föst efni - vökvar - lofttegundir
- rúmmál - rúmmetrar - massi og grömm
- hamskipti - hitaþensla - þensla - leysni
- varmi - hitamælar - eldurinn - flökkueðli varmans - varmaleiðing - varmaburður varmageislun - endurvarp - einangrun
- orka - orkulindir á Íslandi - vatnsafl - jarðvarmi - orka - umhverfi og framtíð - vatnsafl og umhverfi - jarðvarmi og umhverfi
- orkusparnaður á heimilum - orkutap - hitastýring - loftræsting
- rafmagn - stöðurafrásmagn - rafstraumur - rafsegull - rafhlöður og rafstraumar - leiðarar og einangrarar

Námsefni

Auðvitað 2- Heimilið. Kennslumyndbönd.

Verklegar æfingar í náttúrufræði fyrir 5.-7.bekk.

Sjónvarpsþættirnir: Hvað höfum við gert.

Leiðir að markmiðum:

Nemendur vinna bæði einstaklingslega og í hópa-/samvinnu. Samvinnuverkefni eiga stærri sess en einstaklingsvinnan. Nemendur vinna bæði verkefni úr námsbókinni en vinna einnig að tilraunum og skrifa skýrslur um þær. Nemendur horfa á kennslumyndbönd sem tengjast efninu.

Námsmat

Nemendur taka próf úr efni bókarinnar og einnig eru samvinnuverkefni metin ásamt virkni og vinnusemi í kennslustundum.

Markmið

Samfélagsfræði:

Að nemendur:

- þekki til Snorra Sturlusonar og viti að Snorri Sturluson ritaði margar merkustu miðaldabókmenntir þjóðarinnar
- viti að bókmenntir sem Snorri ritaði séu mikilvægar heimildir um Íslandssöguna
- kynnist mannlífi á miðöldum og hafi mynd af og þekkingu á nokkrum menningar- og félagsþáttum íslensks samfélags á miðöldum, t.d. bernskuskilyrðum, stöðu kynja, heimilislífi og/eða stjórnskipun
- fái innsýn í hvernig landið skiptist að mestu í héraðsríki fimm valdaætta á miðöldum og kynnist valdabaráttunni sem ættirnar stóðu í.
- geti sett sig inn í líf og kjör einstaklinga á tímabilinu, óskir og vonir, og leitast við að meta þetta út frá forsendum hvers tíma
- geti rætt um Sturlungaöldina, atburði og persónur.

Landfræði:

Að nemendur þekki:

- nöfn Norðurlandanna
- höfuðborgir Norðurlandanna
- helstu atvinnuvegi Norðurlandanna
- landslag Norðurlanda
- menningu Norðurlanda
- fána Norðurlanda
- helstu einkenni hvers Norðurlands fyrir sig
- tungumál og trúarbrögð á Norðurlöndum

Námsefni

Samfélagsfræði:

Snorra saga, Spurningar og verkefni á sameign, ýmislegt efni tengt Snorra af veraldarvefnum.

Landfræði:

Norðurlöndin valin verkefni í vinnubók og lesbók.

Ýmislegt efni á vefnum, nemendur nota netið til að afla sér ýmsar upplýsinga um Norðurlöndin.

Leiðir að markmiðum

Samfélagsfræði:

Lesbók er lesin saman og efni hennar rætt. Nemendur setja upp leiksýningu sem tekin er upp á myndband og sýnd í nemendahópnum.

Nemendur vinna í vinnubók sem þeir útbúa sjálfir frá grunni. Þeir svara spurningum úr efni útbúa ættartré, teikna höfðingjaveldi og tímaás. Auk þess vinna nemendur tvær ritgerðir úr efninu og vinna í orðaskjóðu.

Farið er í vettvangsferð í Listasafn Íslands við tjörnina og fengu fræðslu í sambandi við Snorrasögu.

Landfræði:

Nemendur vinna valin verkefni úr vinnubók bæði einstaklingslega og í hópavinnu. Þetta eru fjölbreytt verkefni eftir áhugasviði hvers nemanda í tengslum við námsefnið.

Verkefnin eru unnin í Cromebook tölvum, Ipöðum.

Farið í Norrænahúsið til að kynnast menningu Norðurlandanna.

Námsmat

Leiðsagnamat meðan á verkefnavinnu stendur. Verkefni metin.

Réttindasmiðjan býður upp á kjörnar aðstæður til að takast á við verkefni sem snúast með beinum hætti um grunnþættina sex: lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, læsi, heilbrigði og velferð og sköpun.

Áhersla verður lögð á jafnrétti, við erum öll jafn mikilvæg sem á þessari plánetu búum. Í því samhengi veltum við því líka fyrir okkur að við erum allskonar og jafn mismunandi og við erum mörg. Farið verður yfir öll helstu réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og réttindi sett í samhengi við skyldur og ábyrgð. Mörg þessara réttinda tengjast heilbrigði og velferð með beinum hætti. Þá förum við yfir það hvernig mörg réttindi okkar takmarkast við réttindi annarra og að taka þurfi tillit til náungans. Þannig bætum við læsi á samskipti manna og samfélagið í heild.

Einnig er lögð áhersla á að börn hafa rétt á því að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Þannig hafi þau mátt til að hafa áhrif. Við setjum þetta m.a. í samhengi við lýðræði og hvernig við getum með smáum aðgerðum haft áhrif. Ábyrgð foreldra og umönnunaraðila er skýrð og sett í samhengi við hvers vegna börn þurfa að hlusta á þau og hlýða þar sem þessir aðilar eiga ávallt að hugsa um hvað sé barninu fyrir bestu og vita það oft betur en barnið.

Í smiðjunni vinnum við einnig með tvær bækur úr bókaröðinni *Börn í heimi*, þ.e. *Stríð í heimi* og *Flóttamenn og farandfólk*. Hugtök vel útskýrð og rædd í samhengi við réttindi barna.

Varðandi sjálfbærni þá eru mannréttindi ein af grunnstoðum sjálfbærni – en þá fara saman, mannréttindi, umhverfi, samfélag og efnahagslíf. Hvernig allt þetta þarf að rúmast saman á einni plánetu því við höfum bara eina. Við veltum því fyrir okkur hvort að það ættu að vera til 'réttindi jarðarinnar' og hvernig við tökum tillit til hvors annars og allra í heiminum með því að fara vel með plánetuna okkar.

Í smiðjunni er lögð áhersla á að allir fái tækifæri til að tjá sig og að skoðanir annarra séu virtar. Hvatt er til gagnrýnnar og skapandi hugsunar. Lögð er áhersla á að allar hugmyndir og vangaveltur eigi rétt á sér, bæði í umræðum og verkefnum.

Markmið

Að nemendur þjálfist í að:

- vinna í hóp
- sýna samkennd
- setja sig í spor annarra
- tjá sig
- skiptast á skoðunum
- ræða málin
- leika sér í hópleikjum í kennslustofunni

Að nemandi:

- geri sér grein fyrir því að við erum öll jafn mikilvæg þó við séum ólík
- átti sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.
- geti nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og geti rætt áhrif staðalímynda.
- geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn.
- geti borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
- sýni sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- geti tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- geti rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.
- geri sér grein fyrir því að orð og gjörðir hafa afleiðingar.
- geti rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga og geti metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.
- geri sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra.
- geri sér grein fyrir getu sinni til aðgerða og geti tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.
- sýni samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju í öllum samskiptum.
- skilji mikilvægi heilbrigðra og hollra lífshátta (hvíld, næring, hreyfing og hreinlæti) og sett þá í samhengi við réttindi barna.
- skilji mikilvægi menntunar.
- sýni fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.
- átti sig á því fyrir hvað sjálfbær þróun stendur og hvers vegna það er mikilvægt að ganga vel um náttúru og umhverfi.
- átti sig á mætti sínum til að hafa áhrif í þessu sambandi.
- átti sig á réttindum sínum samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þeim skyldum og ábyrgð sem þeim fylgja.
- skilji muninn á grundvallar mannréttindum og forréttindum.

Námsefni

Litli-Kompás, handbók um mannréttindamenntun fyrir börn, *Börn í okkar heimi – Stríð í heimi* og *Börn í okkar heimi – Flóttamenn og farandfólk* eftir Geri Roberts og Hanane Kai, ýmislegt efni frá UNICEF, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, „Rúnar góði“, myndbönd, vinnumappa, verkefnablöð, vinnu- og teikniblöð, blýantar og litir. Einnig lítum við í valdar barnabækur með boðskap í tengslum við markmiðin.

Bókin „Ertu“. Myndbandið „Stattu með þér“.

Efni frá Saft.is sem varðar hatursorðræðu og samskipti á netinu.

Leiðir að markmiðum

Lífsleikni er annars vegar kennd í réttindasmiðju hjá sérhæfðum kennara og hins vegar hjá umsjónarkennara. Hjúkrunarfræðingur tekur einnig fámenna hópa til sín í örfá skipti til að fjalla um hamingju, hollustu, samskipti og hreyfingu. Í réttindasmiðju eru leiðir að markmiðum eftirfarandi: Útlistunarkennsla; kennari leggur inn efni og útskýrir, fræðir og vekur til umhugsunar.

Umræðu- og spurnaraðferðir; notaðar verða hópumræður, umræður í pörum og minni hópum. Með þessu þjálfast nemendur í að tjá sig, rökræða og taka tillit til annarra.

Skrifleg og myndræn tjáning, börn tjá hugmyndir sínar skoðanir og vangaveltur, með teikningum og ritun. Hvatt er til skapandi hugsunar og tjáningar.

Hópvinnubrögð; nemendur vinna hópverkefni með það að markmiði að ráða ráðum sínum og komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Hjá umsjónarkennara eru haldnir vikulegir bekkjarfundir þar sem ýmis málefni eru rædd á skipulegan hátt. Þess er gætt að allir tjái sig á bekkjarfundum og fái tækifæri til að segja sína skoðun.

Fylgst með hópnum og þeim félagslegu viðfangsefnum sem hann er að takast á við á hverjum tíma fyrir sig. Viðeigandi viðfangsefni eru tekin sérstaklega fyrir þegar þeirra er þörf. Hópleikir og umræður verða notaðar til að styrkja og efla hópinn. Þeir sem hafa lokið námskeiði hjá KVAN nýta það til að efla bekkjaranda og styrkja jákvæða leiðtoga innan hópsins. 6. bekkur fær auk þess utanaðkomandi fræðslufyrirlestur um jákvæð samskipti. Hjúkrunarfræðingur tekur nemendur í fámennum hópum og fræðir um kynþroskann.

Námsmat

Í réttindasmiðju fer fram leiðsagnamat. Í lok smiðjunnar tekur kennari örviðtal við hvern nemanda fyrir sig þar sem frammistaða er rædd. Einnig fer fram mat á vinnumöppu nemenda. Í lífsleikni hjá umsjónarkennara fer ekkert námsmat fram.

Markmið

Hlustun

- að geta notað ensku til samskipta innan og utan kennslustofu
- að geta skilið leiðbeiningar og fyrirmæli
- að geta hlustað og skilið frásagnir og sögur

Lestur

- að geta lesið einfalda texta og sögur og unnið með orðaforða
- að geta lesið til að skilja ákveðin smáatriði
- að geta leitað að tilteknum upplýsingum í texta

Talað mál

- að geta tekið þátt í óformlegu spjalli
- að geta bjargað sér við algengar aðstæður í verslun, veitingastöðum og á ferðalögum
- að geta tekið þátt í samskiptum, þ.e. kynnt sig, heilsað, kvatt, þakkað fyrir sig, beðist afsökunar, beðið um leyfi, beðið viðmælanda um að endurtaka og beitt umorðun
- að geta notað nútíð og þátíð sagna, algeng fornöfn, nafnorð, lýsingarorð og greini

Ritun

- að geta skrifað skipulega og skiljanlega samfelldan texta, s.s.. frásagnir, fréttir, texta við myndir, bréf, skilaboð
- að geta stafsett rétt algeng orð sem unnið hefur verið með

Námsefni

Ready for action, Enskar málfræðiæfingar (A-bók), Portfolio topic books, Kahoot, Oliver Twist og annað ljósritað efni.

Leiðir að markmiðum

Yfirferð námsefnis. Hlustunarverkefni. Lestur og ritun. Hópvinna.

Farið yfir málfræðireglur og unnið með þær, orðaforði, talæfingar og spurningar.

Námsmat

3 kannanir haust / vor

Hópvinna – veggspjald

Leiðsagnarmat.

Markmið

Að nemandi:

- temji sér jákvæðni, virðingu, kurteisi og tillitsemi í samskiptum
- tileinki sér góða umgengni í kennslueldhúsinu
- átti sig á mikilvægi hreinlætis
- tileinki sér snyrtilegan frágang
- auki þekkingu sína á hollu fæði og heilbrigðum lífsstíl
- auki þekkingu sína á matvælum og meðhöndlun þeirra
- eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum
- öðlist aukna færni í eldamennsku og bakstri
- þjálfist í að nota helstu rafmagnstæki sem notuð eru við eldhússtörf
- öðlist aukna færni í notkun áhalda og mælitækja sem notuð eru við eldamennsku og bakstur
- auki færni sína í að vinna eftir uppskriftum

Námsefni

Gott og gagnlegt 2, lesbók og vinnubók, auk uppskrifta af netinu. Hráefni til matar- og bakstursgerðar, samkvæmt verkefnavali.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvernar kennslustundar leggur kennari inn verkefni dagsins. Fer yfir fræðilegan og verklegan þátt verkefnisins. Nemendur vinna tveir og/eða þrír saman. Þeir skipta með sér verkum en þó þannig að hver nemandi vinnur alla þætti verkefnisins. Einu sinni á tímabilinu sjá nemendur um að fylla á hráefnisílát og þrífa skúffur og hillur á vinnusvæði sínu. Tvisvar á tímabilinu vinna nemendur verkefni þar sem þeir festa betur í mynni, og dýpka skilning sinn á fræðilega hluta heimilisfræðinnar.

Námsmat

Í upphafi námslotu fer kennari yfir markmið heimilisfræðinnar og útskýrir fyrir nemendum að hverju skal stefnt í náminu.

Leiðsagnarmat fer fram munnlega í hverri kennslustund.

Nemendur fylla út sjálfsmat í lok námslotu.

Nemendur fá skriflegt lokamat frá kennara.

Markmið

Að nemendur:

- sýni ábyrga umgengni og fari eftir reglum og öryggisatriðum smíðastofunnar
- þjálfi með sér sjálfstæð vinnubrögð
- þroski með sér þolinmæði til vandaðrar vinnu
- geti hannað, teiknað, útbúið snið og smíðað verkefni í raunstærð
- þjálfist í notkun tifsagar
- þekki og noti helstu verkfæri og mælitæki sem smíðastofan hefur upp á að bjóða á réttan hátt
- geti valið og notað yfirborðsefni við hæfi verkefna sinna
- kynnist mismunandi efnistegundum við hönnun og smíði, geti gert grein fyrir því efni sem þeir fá í hendur og nýtt það vel
- þjálfist í samvinnu og mikilvægi góðrar umgengni og frágangi um vinnuaðstöðu, verkfæri, áhöld, verkefni sín og annara
- efli frumkvæði og skapandi vinnu

Námsefni

Myndbönd og myndir sem sýna hvernig verkefnið á að líta út. Fjölbreyttar útfærslur.

Leiðir að markmiðum

Reynt er að hafa verkefnin fjölbreytt og þannig úr garði gerð að þau bjóði upp á fjölbreyttar útfærslur. Verkefnunum er ætlað að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og styðja hann í að auka færni sína í greininni.

Verkefnin eru gjarnan kynnt nemendum með myndum, tilbúnum hlutum og spjalli, þá er stutt sýnikennsla og loks gengur kennari á milli og aðstoðar nemendur. Nemendur eru einnig hvattir til að hjálpa hvorum öðrum.

Rík áhersla er lögð á að nemendur fái jákvæða upplifun af greininni, þroski og efli sköpunargleði sína og verði jafnvel forvitnari um heiminn í kringum sig.

Námsmat

Námsmat byggist á leiðsagnamati, sjálfsmati og lokamati.

Markmið

Markmiðin í textíl taka viðmið af þekkingu, leikni og hæfni sem eru lykilhugtök aðalnámskrár grunnskóla.

Þekking

Að nemandi:

- fræðist um undirstöðuatriði í þrjóni, hugtök aðferðir og áhöld.

Leikni

Að nemandi:

- læri að fitja upp
- geti þrjónað slétt þrjón á hringþrjón og búið til húfu
- geti gengið frá endum og saumað saman
- geti beitt þeim aðferðum sem lagðar voru fyrir við gerð dúskafígúru
- geti skreytt dúskafígúruna

Hæfni

Að nemandi:

- upplifi sköpunargleði og virkji hugmyndaflugið
- beri ábyrgð á sínu námi og sé virkur í kennslustund
- sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og geti unnið eftir fyrirmælum kennara
- beri ábyrgð á að ganga vel um vinnurými
- geti metið eigin verk og og rökstutt matið

VERKEFNI

Kennari leggur mikla áherslu á að laða fram sköpunarkraftinn í nemendum með það að markmiði að þeir efli sína sjálfsmynd og öðlist aukna trú á eigin getu.

Svo að nám fari vel fram verður okkur að líða vel og mun kennari því leitast við að skapa hlýlegt og vingjarnlegt umhverfi sem veitir nemendum öryggi og innblástur.

- Húfa
- Dúskadýr

Námsefni

hafa aðgang að ýmsum tímaritum og bókum tengdum textil, hönnun, myndlist og handverki nota internetið

nýta sér vinnulýsingar og uppskriftir frá kennara

fá aðgang að völdum efnum, áhöldum og verkfærum textílstofunnar

Nemendur vinna fjölbreytt verkefni sem eiga að miðast við getu hvers og eins.

Leiðir að markmiðum

Kennari velur verkefni og sýnir þeim aðferðir og rétt vinnubrögð.

Nemendur geta útfært verkefni eftir sínu hugmyndaflugi og smekk og gefur þá kennari ráðleggingar.

Ef tími gefst þá fá nemendur að vinna eitthvað frjálst í lokinn á lotunni eða að allur hópurinn ákveður að vinna verkefni sem að tekur þá stuttan tíma.

Áhugasamir nemendur geta alltaf leitað til kennara ef þeir vilja aukaverkefni.

Kennsluaðferðir:

- Sýnikennsla
- Sköpun
- Verklegar æfingar
- Útlistunarkennsla
- Jafningjakennsla
- Leikir
- Umræðu- og spurnaraðferðir

Lögð verður áhersla á fjölbreytta kennsluhætti

Námsmat

Námsmat byggist á leiðsagnamati, sjálfsmati og lokamati sjá viðhengi.

Námsmatið er ætlað að vera leiðbeinandi og hvetjandi fyrir nemendur og til upplýsingar fyrir foreldra og forráðamenn.

Markmið

Að nemendur:

- vinni m.a. með fjarvídd, stærðir og hlutföll
- geti beitt litum til að fá fram áhrif í mynd
- þekki nokkra íslenska og erlenda listamenn t.d. Andy Warhol
- þekki pop art
- þekki hugtakið hönnun, geti unnið skissur og komið hugmynd í framkvæmd

Námsefni

Veraldarvefurinn, glærur.

Efni: pappír, blýantur, tússlitir, trélitir, málning, krítar, klessulitir, vatnslitir.

Leiðir að markmiðum

Nemendur nota mismunandi tækniáferðir t.d. málun, skissugerð og vinna fjarvídarteikningu. Nemendur kynnst listastefnunni pop-art og vinna verkefni í þeim stíl.

Verkefni:

Blindteikning-æfing: nemendur æfa sig í að teikna það sem þeir sjá en ekki það sem þeir vita.

Uppstilling, svartur pappír: nemendur teikna uppstillingu og þjálfa færni sína í að horfa og teikna.

Pop-art andlitsteikning: nemendur kynnst listamanninum Andy Warhol og pop-art listastefnunni sem hann var upphafsmaður að. Gera verk í hans anda og kynnst andstæðum litum.

Fjarvídd: nemendur kynnst eins punkta fjarvídd og vinna útfærslu í heitum og köldum litum með áherslu á ljós og skugga.

Hönnun: Nemendur kynnst hugmyndavinnu og hvernig unnið er með hugmynd til framkvæmdar.

Námsmat

Munnlegt leiðsagnamat, sjálfsmat, lykilhæfnismat og lokamat.

Markmið

Að nemendur:

- geti aflað sér upplýsinga á netinu
- kunni að nýta sér tölvupóst
- þekki og geti nýtt sér Google classroom og öll Google forrit (skjöl, skyggjur, töflureiknir, heimasíðugerð)
- word, power point, prezi,
- krækjur og kennsluforrit

Námsefni

Samþætt verkefni við öll fög.

Leiðir að markmiðum

Unnið var í samstarfi við kennsluráðgjafa og bókasafnsfræðing.

Nemendur fengu fræðslu á safninu og nýttu sér Chromebook tölvurnar í verkefnavinnu.

Námsmat

Ekkert lokamat í upplýsingartækni, færnin var samþætt við aðrar námsgreinar.

Markmið

Að nemendur:

- mæti með íþróttaföt og mikilvægt að gæta hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.
- fari eftir umgengisreglum sundstaða og íþróttahúsa, og beri virðingu fyrir starfsmönnum íþróttahússins.
- fari eftir fyrirmælum kennara.
- framfylgi reglum í helstu leikjum.
- vinni áfram með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.
- sýni áhuga og taka virkan þátt í kennslustund.
- sýni kurteisi og vinna vel með samnemendum sínum.
- meðhöndli áhöld á réttan hátt og ganga frá þeim á öruggan hátt.
- ráði við einfaldar mælingar og talningu í leikjum.
- sýni einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.
- sýni aukna boltafærni.
- taki þátt í útivist og búið sig sjálf til útiveru með tilliti til veðurs.
- sýni þrautseigju og gera sitt best í kennslustund.

Námsefni

Ýmis áhöld og aðstaða í Ásgarði, sundlaug og íþróttasalur.

Í útiþróttum er notast við útisvæði og velli milli Flatskóla og Ásgarðs.

Leiðir að markmiðum

Unnið eftir skipulaginu;

Upphitun

Aðalþáttur

Niðurlag

Markmiðið er að læra í gegnum leik.

Námsmat

Leiðsagnarmat og sjálfsmat í lok janúar.

Lokamat lagt fram að vori til. Eftirfarandi þættir metnir; virkni, hegðun, áhugi, samvinna, og æfingar með og án bolta/áhalda.

Sund 6.stig

Markmið

200 m bringusund, viðstöðulaust.

50 m skólabaksund.

25 m skriðsund.

25 m baksund.

25 m bringusund á tíma. Lágmark 35.0 sek.

15 m björgunarsund (skólabaksundsfótatök).

8 m kafsund.

Námsefni

Sundtímar fara fram í sundlauginni í Ásgarði, Garðabæ. Sýnikennsla á bakka, korkar og froskalappir.

Leiðir að markmiðum

Nemendur fá sundtíma 1x í viku 40 mín í senn.

Unnið eftir tímaseðli.

Námsmat

Leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir veturinn – leiðsagnarmat sent heim í janúar og lokamat í lok vorannar. Námsmatið er metið út frá markmiðunum í leiðsagnarmatinu.